

**Fundargerð 10. fundar
bæjarráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
9. október 2018 , kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Þór Ólafsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon,
Daði Bergþórsson og Magnús Stefánsson.

Fundargerð ritaði: Magnús Stefánsson, bærarstjóri.

1. Öldungaráð Suðurnesja - 1810009

Fulltrúar í Öldungaráði Suðurnesja, Jórunn A Guðmundsdóttir og Erna M Sveinbjarnardóttir sátu fundinn undir þessum dagskrárlið sem gestir. Farið var yfir nokkur málefni sem gestir gerðu grein fyrir og voru til umræðu. Meðal annars það að í sveitarfélaginu er engin heilbrigðisþjónusta við íbúana.

Samþykkt samhljóða að óskað verði eftir fundi með heilbrigðisráðherra um heilbrigðisþjónustu í sveitarfélaginu, með það að markmiði að íbúar sveitarfélagsins fái notið heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.

2. Heiti sameinaðs sveitarfélags. - 1807102

Fyrir liggur samþykkt bærarstjórnar frá 3. október, þar sem bæjarráði er falin umsjón með undirbúningi og framkvæmd íbúakosningar um heiti nýs sveitarfélags.

Samþykkt að fela bærarstjóra að fylgja samþykkt bærarstjórnar eftir.

3. Lækjamót 65 viðauki 2018 - 1809121

Lögð fram tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun, ásamt greinargerð, varðandi rekstur húsnæðisúrræðis fyrir folk með fötlun.

Samþykkt samhljóða að leggja til við bærarstjórn að samþykkja viðaukann.

4. Knattspyrnufélagið Víðir - Skemmtanaleyfi í Samkomuhúsi - 1810006

Í erindi frá Knattspyrnufélaginu Víði er óskað eftir að sveitarfélagið greiði fyrir tækifærisleyfi vegna viðburða félagsins í Samkomuhúsinu í Garði.

Bæjarráð telur ekki rétt að sveitarfélagið veiti styrki vegna kostnaðar við tækifærisleyfi.

5. Íþróttfélagið Nes - ósk um samstarfssamning - 1809119

Í erindi frá Nes, íþróttfélagi fatlaðra dags. 22.09.2018 er óskað eftir samstarfssamningi við sveitarfélagið til 5 ára. Gildandi samstarfssamningur rennur út í árslok.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til vinnslu fjárhagsáætlunar.

6. Björgunarsveitin Ægir - samstarfssamningur - 1808037

Í erindi frá Björgunarsveitinni Ægi í Garði dags. 03.10.2018 er óskað eftir viðræðum við sveitarfélagið um endurnýjun eða endurskoðun samstarfssamnings Ægis og sveitarfélagsins. Núgildandi samningur rennur út í árslok.

10. fundur bæjarráðs
10.10.2018

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til vinnslu fjárhagsáætlunar.

7. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga - fundarboð - ársfundur - 1810002

Boðað er til ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þann 10. október 2018.

Lagt fram.

8. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - fundarboð aðalfundar - 1810010

Aðalfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga verður haldinn þann 10. október 2018.

Samþykkt að Bæjarstjóri fari með umboð sveitarfélagsins á aðalfundinum.

9. Öldungaráð: fundargerðir 2018 - 18061410

Fundargerð stjórnar dags. 01.10.2018.

Samþykkt að tillögu um breytingar á samþykktum Öldungaráðs Suðurnesja verði vísað til frekari vinnslu í bæjarráði.

Fundi slitið kl. 18:00.

Ólafur Þór Ólafsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Magnús Sigfús Magnússon

Daði Bergþórsson

Magnús Stefánsson